

Fundur í fagráði nautgriparæktar 24. apríl 2015

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Bændahöllinni í Reykjavík og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Sigurður Loftsson, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Þórarinn Leifsson var í símasambandi og Björn S. Gunnarsson mætti aðeins síðar á fundinn eða í upphafi liðar 2. Þóroddur Sveinsson boðaði forföll. Fulltrúi frá Matvælastofnun mætti ekki en Sigrún Bjarnadóttir er í fæðingarorlofi.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir í þróunarsjóð
 - a. Íslenskt skyr auðgað með ómega-3 fitusýrum
 - b. Notkun bænda á hjálpartækjum við beiðslisgreiningu
 - c. Notkun einstakra mælinga við kynbótamat fyrir afurðir í nautgriparækt
 - d. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2013-2015
 - e. Rafræn skráning afurða og söfnun gagna úr mjaltapjónum
 - f. Málband: Þyngd gripa metin út frá brjóstmáli nautgripa – fyrri hluti
 - g. Holdastigun mjólkurkúa
 - h. Ráðgjöf í fóðuröflun
 - i. Þróun á fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr
3. Ályktanir aðalfundar LK og Búnaðarþings
4. Ræktunarmál
5. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 26. nóvember 2014, samþykkt án athugasemda.

2. Umsóknir í þróunarsjóð.

Teknar fyrir umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar:

- a. **Íslenskt skyr auðgað með ómega-3 fitusýrum**
Umsókn frá Matís ohf. Verkefnisstjóri er Rósa Jónsdóttir. Björn gerði aðspurður aðeins grein fyrir eldri tilraunum með auðgun mjólkurvara með ómega-3 fitusýrum og sagði nokkrar athuganir/tilraunir hafa verið gerðar með misgóðum árangri.
Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið um margt áhugavert og mælir með að það verði

styrkt um kr. 1.500.000 þar sem hærri upphæð til verkefnis af þessum toga væri of hátt hlutfall af heildartekjum þróunarsjóðsins.

b. Notkun bænda á hjálpartækjum við beiðslisgreiningu

Umsókn frá Baldri Erni Samúelssyni v/BS-verkefnis við Lbhí. Verkefnisstjóri er Þorsteinn Ólafsson.

Afgreiðsla: Fagråd telur verkefnið áhugavert auk þess sem það fellur innan ramma viðmiðunarreglna um styrkveitingar til BS-verkefna og mælir með að verkefnið verði styrkt um kr. 220.000.

c. Notkun einstakra mælinga við kynbótamat fyrir afurðir í nautgriparækt

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands v/MS-verkefnis Jóns Hjálta Eiríkssonar. Verkefnisstjóri er Emma Eypórsdóttir.

Afgreiðsla: Fagråd telur verkefnið mjög brýnt og áhugavert og mælir með að verkefnið verði styrkt sem nemur kr. 3.200.000.

d. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2013-2015

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Snorri Sigurðsson.

Guðný Helga, Sigurður og Þórarinn viku af fundi við afgreiðslu þessarar umsóknar.

Afgreiðsla: Fagråd telur verkefnið áhugavert og mælir að það verði styrkt um kr.

225.000 en vill jafnframt taka fram að brýnt er að það komi til nota við mat á fjárfestingarþörf geinarinnar vegna hertra aðbúnaðarreglna. Fagråd leggur áherslu á að úttektin nái einnig til fjölda bása og aldurs fjósa og að niðurstöður verði skráðar í Huppu þannig að gögnin séu tiltæk á hverjum tíma.

e. Rafræn skráning afurða og söfnun gagna úr mjaltapjónum

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson.

Guðný Helga, Guðmundur, Gunnfríður og Vigdís viku af fundi við afgreiðslu þessarar umsóknar.

Afgreiðsla: Fagråd telur verkefnið áhugavert og mælir með því að það verði styrkt um kr. 2.680.000 og það taki til tölvukerfa bæði mjaltapjóna og mjaltakerfa.

f. Málband: Þyngd gripa metin út frá brjóstmáli nautgripa – fyrri hluti

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Jóna Þórunn Ragnarsdóttir.

Guðný Helga, Guðmundur, Gunnfríður og Vigdís viku af fundi við afgreiðslu þessara umsóknar.

Afgreiðsla: Fagråd telur mikilvægt að tekin séu saman gögn um vöxt og þroska kvígna við 1. sæðingu og útbúið sem leiðbeiningaefni fyrir bændur. Fagråd telur umrætt verkefni ekki nægjanlega skýrt fram sett hvað þetta varðar og er umsókninni því hafnað að svo komnu máli.

g. Holdastigun mjólkurkúa

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Berglind Ósk Óðinsdóttir.

Guðný Helga, Guðmundur, Gunnfríður og Vigdís viku af fundi við afgreiðslu þessara umsóknar.

Afgreiðsla: Fagråd telur verkefnið endurtekningu á verkefnum sem áður hafa verið unnin en telur eigi að síður að gott gæti verið að taka saman niðurstöður þeirra verkefna í heildstætt kynningarefni til bænda. Fagråd útilokar ekki aðkomu þróunarsjóðsins að því en hafnar umsókninni á því formi sem hún er nú.

h. Ráðgjöf í fóðuröflun

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll

Bragason.

Guðný Helga, Guðmundur, Gunnfríður og Vigdís viku af fundi við afgreiðslu þessara umsóknar.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og mælir með að það verði styrkt um kr. 840.000 og niðurstöður þess verði kynntar á bændafundum og/eða fagþingi nautgriparæktarinnar.

i. Þróun á fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll Bragason.

Guðný Helga, Guðmundur, Gunnfríður og Vigdís viku af fundi við afgreiðslu þessara umsóknar.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og mælir með því að það verði styrkt um kr. 1.500.000 en setur sem skilyrði að lagt verði fram sundurliðað yfirlit um tekjur og gjöld vegna forritsins TINE-Optifor. Fagráð leggur áherslu á að eðlilegs jafnræðis sé gætt í gjaldtöku milli notenda.

3. Ályktanir aðalfundar LK og Búnaðarþings.

Formaður kynnti ályktanir frá aðalfundi LK og Búnaðarþingi sem vísað hefur verið til fagráðs.

Tvær ályktanir frá aðalfundi LK:

1. Ræktunarstarf og kynbætur

„Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn í Reykjavík 12.-13. mars 2015, beinir því til Fagráðs í nautgriparækt að setja meiri metnað í ræktunarstarfið með róttækum breytingum, svo sem:

- *Nýta mælanlegar upplýsingar um mjaltagæði (t.d. mismjaltir eða ekki) og mjaltahraða til notkunar í ræktunarstarfinu.*
- *Breyta mati á skapgerð kúa þannig að það fangi sem best erfðamun þess eiginleika.*
- *Hæð gripa verði mæld og tekin inn í kynbótamatið.*
- *Lýsing á nautum og dætrahópum verði gerð skiljanlegri og byggji eftir því sem hægt er á mælanlegum upplýsingum.*
- *Kannaður verði kostnaður við kyngreiningu sæðis við íslenskar aðstæður.*
- *Áherslur í kynbótaeinkunn verði endurskoðaðar.*

Erfðaeðli kúastofnsins hefur mikil áhrif á afkomu kúabænda, svo og á vinnu þeirra. Ljóst er að smæð íslenska kúastofnsins veldur því óhjákvæmilega að erfðaframarir í honum eru verulega minni en í stærri stofnum. Það er þeim mun tilfinnanlegra sem bústærð eykst og hagræðingarkröfur aukast. Því er nauðsynlegt að ræktunarstarfið sé svo markvisst sem mögulegt er."

2. Upplýsingar um úrval nauta í kútum sæðingamanna

„Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn í Reykjavík 12.-13. mars 2015, beinir því til þeirra sem sjá um sæðingar í landinu, að komið verði upp þeirri reglu að bændur geti alltaf séð úr hvaða nautum sæði er að finna hjá hverjum sæðingamanni. Hægt væri að hafa upplýsingarnar í Huppunni, senda tölvupóst eða á heimasíðu."

Ályktun frá Búnaðarþingi:

1. Smitsjúkdómar í sauðfé

Markmið

Í ljósi þess að garnaveiki í sauðfé er að greinast nánast árlega á Íslandi er þörf á að endurskoða reglugerð um aðgerðir til varnar garnaveiki.

Leiðir

Í ljósi þess árangurs sem náðst hefur á undanförunum árum er mikilvægt að bændur og dýralæknar slaki ekki á í þeirri vinnu sem unnin hefur verið í baráttunni gegn garnaveiki. Búnaðarþing leggur áherslu á að MAST beiti sér fyrir endurskoðun á verklagsreglum og leggi fram nýjar áætlanir til varnar garnaveiki.

Framgangur

Stjórn BÍ beiti sér fyrir því í samvinnu við Landssamtök sauðfjárá- og kúabænda að fylgja málinu eftir við MAST.

Ákveðið að ræða ályktun 1 frá LK undir lið 4.

Ályktun 2 frá LK beint til RML og Nautastöðvar BÍ með þeim tilmælum að bændum verði gert kleyft að sjá úr hvaða nautum sæði er að finna hjá hverjum sæðingamanni í Huppu. Þær upplýsingar geti svo einstakar kynbótastöðvar/búnaðarsambönd nálgast þar til þess að birta í öðrum miðlum ef þeim sýnist svo til þess að þjónusta þá sem ekki hafa aðgang að Huppu en í dag eru yfir 90% kúabænda með aðgang að kerfinu.

Ákveðið að Baldur Helgi taki saman drög að umsögn varðandi ályktun frá Búnaðarþingi sem hafi það að leiðarljósi að gerður verður meiri greinarmunur á aðgerðum til varnar garnaveiki í nautgripum og sauðfé. Umsögnin verði síðan afgreidd í tölvupósti.

4. Ræktunarmál.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður skýrsluhaldsins í nautgriparækt árið 2014, minnisblað um fjölgun sæðinga, sæðisbirgðir úr nautum í dreifingu, síðustu nautaárganga og tilkynnta nautkálfa síðustu mánuði. Meðal þess sem fram kom var að afurðir hafa aldrei verið meiri eða 5.721 kg/árskú og kúm fjölgaði mikið milli ára. Þá er umtalsverð fjölgun í sæðingum milli ára og nemur sú aukning um 5 þús. skömmtum á ársgrundvelli. Ekki er annað að sjá en framhald verði á fjölgun sæðinga það sem af er þessu ári.

Í framhaldinu var rætt um nautsmæðra- og nautkálfa valið, m.a. hvort taka ætti kálfa undan hyrndum kúm. Sú lína lögð að ef til vill væri ekki rétt að hafna kálfum undan hyrndum kúm nema því aðeins að kálfurinn sé hyrndur sjálfur.

Gunnfríður dreifði minnisblaði um ræktunarstarf í nautgriparækt og fylgdi því úr hlaði. Hún sagði að nú væri búið að ráða kynbótafræðing til tölvudeildar BÍ sem væri að vinna að því að koma „rúttínu“-keyrslum í kynbótamati búgreinanna í fastan feril. Í framhaldinu væri kjörið að setja upp ákveðna áætlun að heildarendurskipulagi varðandi kynbótaskipulag og kynbótamat nautgriparæktarinnar.

Í kjölfarið var töluvert rætt um ræktunarstarfið sem og ályktun 1 frá aðalfundi LK.

Liður í ályktun	Umfjöllun fagráðs
Nýta mælanlegar upplýsingar um mjaltagæði (t.d. mismjaltir eða ekki) og mjaltahraða til notkunar í ræktunarstarfinu.	Fagráð tók á fundinum afstöðu til umsóknar um þróun Huppu á þann veg að gera bændum kleyft að senda upplýsingar úr mjaltapjónum og –kerfum á rafrænan hátt. Þ.m.t. er um að ræða upplýsingar um mjaltir sem munu þá koma ræktunarstarfinu til góða.
Breyta mati á skapgerð kúa þannig að það fangi sem best erfðamun þess eiginleika.	Skoða þarf eiginleikann skap og mælikvarða hans betur áður en hægt er að breyta mati. Fagráð telur réttast að fara í þá vinnu samhliða skoðun á ræktunarstarfinu í heild.
Hæð gripa verði mæld og tekin inn í kynbótamatið.	Skoðað verði að reikna kynbótamat fyrir hæð gripa sem kæmi þá til birtingar í nautaskrá. Ákvörðun um hvort hæð gripa vegi inni í heildareinkunn bíði skoðunar á ræktunarstarfinu í heild.
Lýsing á nautum og dætrahópum verði gerð skiljanlegri og byggð eftir því sem hægt er á mælanlegum upplýsingum.	Fagráð tekur undir þetta og telur rétt að upplýsingar í nautaskrá byggji sem mest á tölum og mælanlegum gildum.
Kannaður verði kostnaður við kyngreiningu sæðis við íslenskar aðstæður.	Fagráð mun skoða málið í samstarfi við Nautastöð BÍ.
Áherslur í kynbótaeinkunn verði endurskoðaðar.	Fagráð telur ekki rétt að hreyfa við samsetningu kynbótaeinkunnar á þessu stigi heldur verði ákvörðun um slíkt tekin að lokinni skoðun á ræktunarstarfinu í heild.

Ákveðið að hækka mörk í heildareinkunn fyrir nautsmæður að lokinni keyrslu á kynbótamati í 108 eða 109 eftir því hver fjöldi þeirra verður. Endanleg ákvörðun verður tekin á næsta fundi fagráðs.

5. Önnur mál.

Aðeins rætt um hvort mikið af athugasemdum komi inn í Huppu. Guðmundur sagði alltaf töluvert koma af athugasemdum sem flestar litu að leiðréttingum. Tiltölulega lítið væri um athugasemdir varðandi forritið sjálft. Reynt er að bregðast við öllum athugasemdum svo fljótt sem verða má.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um reglur um sérpöntun á sæði úr nautum sem ekki eru í almennri dreifingu:

1. *Kúabændur og nautgriparæktendur geta sérpantað sæði úr nauti/nautum sem ekki eru í almennri dreifingu, þ.e. er/eru ekki í nautaskrá.*
2. *Hægt er að panta sæði úr nauti/nautum sem hlotið hafa A-dóm, þ.e. dóm sem nautsfeður, eða B-dóm, þ.e. dóm sem kýrfeður, með þeim takmörkunum að ekki skulu liðin meira en þrjú ár frá því að viðkomandi naut hlaut/hluta afkvæmadóm eða var/voru síðast í dreifingu.*

3. *Nautastöðinni er ekki heimilt að dreifa sæði úr óreyndum nautum sem bíða afkvæmadóms eftir að dreifingu til afkvæmaprófunar lýkur og þar til afkvæmadómur hefur farið fram og nautið/nautin teljast reynd.*
4. *Sérpöntun skal berast nautastöðinni með góðum fyrirvara, þ.e. 4-6 vikum fyrir fyrirhugaðan sæðingardag þannig að nægur tími vinnist til að koma sæðinu til viðkomandi frjótækis.*
5. *Nautastöðinni er heimilt að innheimta afgreiðslugjald auk áfallins kostnaðar vegna sérpantana á sæði.*
6. *Nautastöðin áskilur sér rétt til þess að neita afgreiðslu á sérpöntun ef sæðisbirgðir úr viðkomandi nauti/nautum eru komnar niður fyrir ákveðið lágmark og/eða ef sæðisgæði þeirra birgða sem eftir eru úr viðkomandi nauti/nautum eru ófullnægjandi að mati dýralæknis stöðvarinnar.*
7. *Fagráð í nautgriparækt getur fyrirvaralaust bannað dreifingu á ákveðnum nautum ef í ljós hefur komið að viðkomandi naut eru á einhvern hátt óæskilegir til frekari notkunar, t.d. ef í ljós kemur að viðkomandi naut bera erfðagalla.*
8. *Fagráð í nautgriparækt getur endurskoðað hvort naut eru til sérpöntunar eða ekki þó svo viðkomandi naut hafi hlotið A- eða B-dóm ef þau hafa fallið mjög í mati frá því afkvæmadómur fór fram.*

Afgreiðsla: Fagráð samþykkir ofangreindar reglur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Sigurður Loftsson

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 26. nóvember 2014.
2. Íslenskt skyr auðgað með ómega-3 fitusýrum, umsókn í þróunarsjóð frá Matís ohf.
3. Notkun hjálpartækja við beiðslisgreiningu, umsókn í þróunarsjóð frá Baldri Erni Samúelssyni
4. Notkun einstakra mælinga við kynbótamat fyrir afurðir í nautgriparækt, umsókn í þróunarsjóð frá Lbhí
5. Þróun á fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr, umsókn í þróunarsjóð frá RML
6. Rafræn skráning afurða og söfnun gagna úr mjaltapjónum, umsókn í þróunarsjóð frá RML
7. Málband: Þyngd metin út frá brjóstmáli nautgripa – fyrri hluti, umsókn í þróunarsjóð frá RML
8. Holdastigun mjólkurkúa, umsókn í þróunarsjóð frá RML
9. Ráðgjöf í fóðuröflun, umsókn í þróunarsjóð frá RML
10. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2013-2015, umsókn í þróunarsjóð frá LK
11. Helstu niðurstöður skýrsluhalds nautgriparæktarinnar 2014
12. Yfirlit yfir nautaárgang 2014
13. Yfirlit yfir nautaárgang 2013
14. Tilkyntir nautkálfar, yfirlit frá september 2014 til apríl 2015
15. Minnisblað frá Guðmundi Jóhannessyni um fjölgun sæðinga 2014
16. Minnisblað frá Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur um ræktunarstarf í nautgriparækt
17. Tillaga að reglum um sérpöntun á sæði úr nautum sem ekki eru í almennri dreifingu